

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)

Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)

Pórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Bergsteinn Ólafsson (Íþróttamiðstöð)

Sigurður R. Karlsson (Þjónustumiðstöð)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

1. Vinnuverndarnámskeið

Næsta námskeið verður í Reykjanesbæ dagana 27. og 28. mars. Þeir sem eiga eftir að fara sækja um í samráði við sinn yfirmann.

2. Skipun nefndarinnar - fulltrúi slökkviliðs

Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri kom á fundinn. Nefndin ítrekar fyrri bókun sína frá 19. fundi þess efnis að slökkviliðið eigi sinn eigin fulltrúa í nefndinni. Fulltrúi þeirra þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi þeirra og þarf einnig að hafa lokið ákveðnu námi. Til þess að fulltrúi í vinnuverndarnefnd geti sinnt sínu hlutverki er æskilegt að slökkviliðið kjósi sinn eigin fulltrúa í nefndina og hann sé ekki samnýttur með áhaldahúsi.

3. Símasamband

Nokkrar ábendingar hafa borist um að símkerfi bæjarins eigi til að detta út eftir breytingar sem voru gerðar á því. Formaður mun ræða við tölvuumsjónarmann um stöðuna og mögulegar úrbætur.

Einnig barst ábending um að í Hópsskóla þurfi að vera til staðar landlínutengdur sími til að nota í neyðartilfellum og ef netið dettur út, enda er skólinn fjöldahjálparstöð bæjarins. Formaður mun ræða það mál við bæjarstjóra.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 14:45

Næsti fundur verður 5. apríl